



Héraðsnefnd Árneseinga bs.
18. fundur haldinn í fjarfundi á Teams
12. nóvember 2020

Fundarsetning á Teams kl. 8:00

Eypór H. Ólafsson, formaður Héraðsnefndar Árneseinga bs., setti fundinn og bauð fulltrúa velkomna á Teams fund. Síðan var gengið til dagskrár.

1. Framkvæmdastjórn HÁ – skýrsla og fundargerðir.

Eypór H. Ólafsson, formaður, flutti skýrslu stjórnar.

Eypór fór yfir málefni Alviðru og Laxabakka. Leysa þarf þinglýsingarmál varðandi lóðina Laxabakka. Landvernd hefur tekið jákvætt í að skipta jörðunum Alviðru og Öndverðarnes II upp á milli Landverndar og HÁ en þó með þeim kvöðum að Öndverðarnes yrði friðlýst um alla framtíð og kæmi þá í hlut HÁ.

Ræddi hann um húsnæði undir Héraðsskjalasafn Árneseinga, Þorsteinn er búin að skera niður húsnæðisþörfina og er unnið áfram að finna nýtt húsnæði.

Framkvæmdir við Búðarstíg 22 hafa gengið vel og er allt innan áætlunar.

Gömul lóða- og þinglýsingarmál eru í farvegi. Lóðirnar sem um ræðir eru Sýslumannstúnið á Selfossi og Hverahlíð í Hveragerði en Hverahlíðarmálið er frágengið.

Fundargerð Héraðsnefndar Árneseinga bs. nr. 18 frá 12. maí var lögð fram og samþykkt samhljóða. Einnig voru fundargerðir framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneseinga bs. nr. 21 frá 11. júní, nr. 22 frá 10. september, nr. 23 frá 20. október, og nr. 24 frá 3. nóvember lagðar fram og samþykktar samhljóða.

Formaður gaf orðið laust, enginn tók til máls.

2. Tónlistarskóli Árneseinga – fundargerðir og fjárhagsáætlun 2021

Kristín Magnúsdóttir, formaður stjórnar, fór yfir fjárhagsáætlun Tónlistarskóla Árneseinga fyrir árið 2021 og svaraði fyrirspurnum.

Starfsemi TÁ hefur gengið ótrúlega vel þrátt fyrir Covid-19. Kennarar, nemendur og foreldrar hafa sýnt mikla og góða þolinmæði. Tónleikahald hefur þó ekki verið með hefðbundnum hætti. Enn er ósamið við tónlistarskólakennara en búið er að vísa deilunni til ríkissáttasemjara.

Fjárhagsáætlun Tónlistarskóla Árneseinga 2021 var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fundargerðir stjórnar Tónlistarskóla Árneseinga nr. 196 frá 17. september og nr. 197 frá 6. október voru lagðar fram til kynningar.

Til máls tóku auk formanns Aldís Hafsteinsdóttir.

3. Byggðasafn Árneseinga – fundargerðir og fjárhagsáætlun 2021. Staða framkvæmda á Búðarstíg 22.

Eggert Valur Guðmundsson, fór yfir fjárhagsáætlun Byggðasafns Árneseinga fyrir árið 2021 og svaraði fyrirspurnum.

Unnið er að framtíðar geymsluhúsnaði fyrir byggðasafnið að Búðarstíg 22 á Eyrarbakka, af þeim sökum er óskað eftir 18% aukafjárveitingu í fjárhagsáætlun. Flutningurinn úr Hafnarbrú á Búðarstíg 22 er kostnaðarsöm en vonandi verður hægt að fara í flutninga eins fljótt og hægt er en þó ekki seinna en í vor en gert er ráð fyrir í áætlun að leigja Hafnarbrúna fram í september. Búið er að losa Mundakotsskemmuna og einnig hefur þeim munum sem voru í geymslu frá Ölfusi verið komið fyrir á Búðarstíg. Þjóðminjasafnið er komið inn í helming stóru skemmunnar. Von er á framkvæmdastyrk frá ráðuneytinu, kr. 25 millj.

Framkvæmdir á Búðarstíg 22 hafa gengið mjög vel og eru á áætlun. Búið að skipta um þak, fjarlægja gömlu klæðninguna, setja nýja glugga og unnið verður áfram að frágangi utanhúss eftir því sem veður leyfir. Búið að einangra og plasta að innan og verið er að fara áframhaldandi vinnu inni. Keyptur var rafmagnslyftari til að flytja muni á milli staða. Lögð er áhersla á að ganga frá salnum svo að hægt sé að hefja flutninga. Mikið af þeim munum sem eru í geymslu eru viðkvæmir og þarf því að huga vel að veðri til flutninga. Einnig eru í húsinu við Hafnarbrú skápar sem þarf að flytja á milli staða. Þjóðminjasafnið ætlar að koma upp vatnsúðakerfi í þeim hluta sem þeir leigja og mun það verða gert á þeirra kostnað.

Til máls tóku auk formanns Árni Eiríksson, Kristín Magnúsdóttir, Helgi Kjartansson, Ari Björn Thorarensen, Ingibjörg Garðarsdóttir fjárhaldsmaður, Halldóra Hjörleifsdóttir, Gunnar Egilsson, Aldís Hafsteinsdóttir og Eggert Valur Guðmundsson.

Fjárhagsáætlun Byggðasafns Árneseinga 2021 var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum.

Fundargerðir stjórnar Byggðasafns Árneseinga nr. 15 frá 26. maí, nr. 16 frá 9. september, og nr. 17 frá 5. október voru lagðar fram til kynningar.

Fundargerðir byggingarnefndar Byggðasafns Árneseinga nr. 7 frá 26. maí og nr. 8 frá 9. september voru lagðar fram til kynningar.

4. Brunavarnir Árneseyslu – fundargerðir og fjárhagsáætlun 2021.

Eypór H. Ólafsson, formaður stjórnar, fór yfir fjárhagsáætlun Brunavarna Árneseyslu fyrir árið 2021 og svaraði fyrirspurnum.

Fór hann yfir skýringar með fjárhagsáætlun. Einna helst ber að nefna að með mikilli fjölgun íbúa í Árnessýslu verða meiri kröfur gerðar á að slökkviliðið vaxi samkvæmt því. Einnig hefur verðmæti fasteigna í sýslunni vaxið samhliða fjölguninni. Ræddi hann um lög og reglugerðir sem þarf að fylgja og fjölda einstaklinga á vakt miðað við útkallssvæði.

Til máls tóku auk formanns Gunnar Egilsson, Halldóra Hjörleifsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir, Helgi Kjartansson, Ari Björn Thorarensen, Njörður Sigurðsson, Kristín Magnúsdóttir, Árni Eiríksson, Eggert Valur Guðmundsson, Óttar Bragi Þráinsson, Gestur Þór Kristjánsson, Helgi Sigurður Haraldsson, Björgvin Skafti Bjarnason, Sigurjón Vídalín Guðmundsson og Kjartan Björnsson.

Aldís Hafsteinsdóttir, lagði fram eftirfarandi tillögu.

Héraðsnefnd samþykkir að lækka framlag til uppbyggingar björgunarmiðstöðvar á Flúðum úr 60 m.kr. í 5 m.kr. þar sem of litlar upplýsingar liggja fyrir þessum fundi til að hægt sé að ákveða að ráðast í framkvæmdina með þeim hætti sem lagt er upp með. Þeim fjármunum sem nú er veitt í verkefnið verði ráðstafað í vinnu starfshóps og/eða framkvæmdastjórnar við þarfagreiningu og frekari skoðun á forsendum framkvæmdarinnar. Niðurstaða þeirrar vinnu verði lögð fyrir vörfund héraðsnefndar 2021.

Helgi Sigurður Haraldsson, lagði til eftirfarandi breytingartillögu:

Héraðsnefnd samþykkir að lækka framlag til uppbyggingar björgunarmiðstöðvar á Flúðum úr 60 m.kr. í 5 m.kr. þar sem of litlar upplýsingar liggja fyrir þessum fundi til að hægt sé að ákveða að ráðast í framkvæmdina með þeim hætti sem lagt er upp með. Þeim fjármunum sem nú er veitt í verkefnið verði ráðstafað í stjórn brunavarna við þarfagreiningu og frekari skoðun á forsendum framkvæmdarinnar. Niðurstaða þeirrar vinnu verði lögð fyrir vörfund héraðsnefndar 2021.

Breytingartillaga Helga var borin undir atkvæði og samþykkt með 16 atkvæðum Aldís Hafsteinsdóttir sat hjá.

Fjárhagsáætlun Brunavarna Árnessýslu 2021 var borin undir atkvæði með þeim breytingum sem samþykktar voru áður og samþykkt samhljóða.

Fundargerðir stjórnar Brunavarna Árnessýslu nr. 8 frá 4. júní, nr. 9 frá 18. september, nr. 10 frá 25. september, nr. 11 frá 29. september og nr. 12 frá 8. október voru lagðar fram til kynningar.

5. Listasafn Árnesinga – fundargerðir og fjárhagsáætlun 2021.

Helgi Sigurður Haraldsson, formaður stjórnar, fór yfir fjárhagsáætlun Listasafns Árnesinga fyrir árið 2021 og svaraði fyrirspurnum.

Helgi sagði frá lagfæringum sem þurfti að fara í á húsnæði Listasafns Árnesinga en búið að er laga leka og gera breytingar á móttöku og inngangi. Einnig hefur verið haldið áfram að efla kaffihúsið og safnabúð. Þrátt fyrir Covid-19 hefur salan í safnarbúðinni

verði mjög góð. Nýr safnstjóri tók við fyrir ári síðan og hefur hún haldið áfram á svipuðum nótum og fráfarandi safnstjóri en þó með nýjungum og breytingum. Haldnar hafa verið flottar sýningar og er áfram unnið í samstafi við skóla og stofnanir í Árnæssýslu ásamt því að fyrirhuguð eru námskeið á komandi ári. Margar spennandi sýningar eru framundarn bæði frá listamönnum úr sýslunni og öðrum.

Formaður gaf orðið laust, enginn tók til máls.

Fjárhagsáætlun Listasafns Árnesinga 2021 var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fundargerð stjórnar Listasafns Árnesinga frá 24. september var lögð fram til kynningar.

6. Héraðsskjalasafn Árnesinga – fundargerðir og fjárhagsáætlun 2020.

Kjartan Björnsson, formaður stjórnar, fór yfir fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafns Árnesinga fyrir árið 2021 og svaraði fyrirspurnum.

Kjartan ræddi um að einn fundur hafi verið haldinn frá vorkundi var og var þar farið yfir rekstur og verkefni á árinu. Covid-19 hefur ekki haft mikil áhrif á verkefnastöðu safnsins. Það er mikilvægt að unnið verði að lausn á húsnæðisvanda safnsins. Hillupláss er uppuríð og eru skjöl geymd á vörubrettum í skjalageymslu. Ræddi hann um sameiningu héraðsskjalasafna á Suðurlandi en það er aðeins á bið vegna Covid-19. Sent var bréf á sveitarstjórnarmenn austan Þjórsár til að kanna með áhuga á sameiningu.

Til máls tók auk formanns Gunnar Egilsson

Fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafns Árnesinga 2021 var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fundargerð stjórnar Héraðsskjalasafns Árnesinga frá 17. september var lögð fram til kynningar.

7. Húsnæðismál Héraðsskjalasafns Árnesinga – minnisblað stjórnar HÁ.

Eypór H. Ólafsson kynnti í upphafi stöðu mála og valkosti sem í boði eru og koma fram á minnisblaði stjórnar HÁ.

Kjartan Björnsson, tók til máls sagði frá því að Þorsteinn, forstöðumaður Héraðsskjalasafns Árnesinga, hefði farið í enn frekari þarfagreiningu á húsnæði fyrir safnið við það var hægt að minnka rýmisþörf niður í 700 m². Þorsteinn hefur áhyggjur af húsnæðismálum og það liggur á að taka ákvarðanir um þetta mál. Möguleikarnir sem nú eru í boði eru Austurvegur 60, kaup á húsnæði í nýbyggingu með möguleika á forkaupsrétti á geymslu í kjallara Austurvegur 20, Búðarstígur 22, skrifstofu og hluti af geymsluhúsnæði og svo er síðasti valmöguleikinn að gera ekkert nema að bæta við geymsluhúsnæði. Safnið sjálft er í færnum til að koma að innviðauppbýggingu á húsnæðinu sem verður fyrir valinu.

Til máls tóku auk formanns Njörður Sigurðsson, Kristín Magnúsdóttir, Helgi Sigurður Haraldsson, Gestur Þór Kristjánsson, Sigurjón Vídalín Guðmundsson, Gunnar Egilsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Kjartan Björnsson, Eggert Valur Guðmundsson, Helgi Kjartansson, Árni Eiríksson, Halldóra Hjörleifsdóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir og Ari Björn Thorarensen.

Eftirfarandi bókun var samþykkt samhljóða:

Haustfundur Héraðsnefndar Árnesinga haldinn 12.11.2020 samþykkir að kostnaðarmetið verði að staðsetja og koma starfsemi Héraðsskjalasafns Árnesinga fyrir í húsnæði Byggðasafns Árnesinga á Búðarstíg 22. Eyrarbakka. Framkvæmdastjórn ásamt stjórnnum safnana og forstöðumönnum þeirra falið að vinna að málinu. Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á framgangi málsins. Þegar niðurstaða liggur fyrir skal boða til aukafundar hjá Héraðsnefnd eigi síðar en 20.1.2021. Á þeim fundi verði tekin afstaða til þeirra kosta sem í boði eru.

8. Málefni Alviðru – uppfærsla á stöðu mála.

Smári Bergmann Kolbeinsson, fór yfir stöðu mála í Alviðru. Unnið hefur verið að auka tekjur í Alviðru og var m.a. leigt út svæði fyrir haustbeit. Einnig hefur veiði í Soginu verið að skila inn tekjum. Ákveðið var að bjóða út veiðiréttinn og skiluðu 6 aðilar inn tilboðum og er nú þegar hafin samningagerð við þann aðila sem átti hæsta tilboðið. Unnið er að málefnum Laxabakka en þar eru óleyst lóðamál og deilt um þinglýsingu vegna lóðar, fyrirhugað er að fara í ógildingarmál við sýslumann vegna þessa. Ræddi hann um að heppilegast væri að skipta jörðunum upp á milli HÁ og Landverndar og er þá miðað við að Öndverðarnes falli HÁ megin, Landvernd gerir þó þá kröfu að lóðin verði friðlýst áður.

Eftirfarandi bókun var samþykkt samhljóða á fundi Héraðsnefndar 12. nóvember:

Haustfundur Héraðsnefndar Árnesinga veitir framkvæmdastjórn heimild til að vinna að samkomulagi við Landvernd um uppskiptingu jarðanna Alviðru í Ölfusi og Öndverðarnes II í Grímsnes- og Grafningshreppi. Endanlegt samkomulag um uppskiptingu eignanna á milli aðila verði þó alltaf háð samþykki meirihluta héraðsnefndarfulltrúa.

9. Almannaþing Almannaþingarárnessýslu – fjárhagsáætlun 2021.

Ásta Stefánsdóttir, formaður stjórnar, fór yfir fjárhagsáætlun Almannaþingarárnessýslu fyrir árið 2021 og svaraði fyrirspurnum.

Fundargerð Almannaþingarnefndar Almannaþingarárnessýslu nr. 6 frá 9. nóvember, var lögð fram til kynningar. Fundargerðir framkvæmdarárnessýslu frá 23. júní og 28. september voru lagðar fram til kynningar.

Rætt var um tillögur Sólveigar Þorvaldsdóttur varðandi fjárhagsáætlun sem lagðar voru fyrir fund AA 28. september sl. ásamt samstarfi milli sveitarfélaga, almannaþingarárnessýslu og Lögreglustjóra á Suðurlandi.

Til máls tók auk formanns Ari Björn Thorarensen, Helgi Sigurður Haraldsson, Ásta Stefánsdóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir og Aldís Hafsteinsdóttir.

Fjárhagsáætlun Almannafræðis Árnessýslu 2021 var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Lagt er til að gerður verði nýr samningur um verkefnið milli Lögreglustjórans á Suðurlandi, sveitarfélaga í Árnessýslu, Rangárvallasýslu, Vestur-Skaftafellsýslu og Sveitarfélagið Hornafjörð. Var það samþykkt samhljóða.

10. Héraðsnefnd Árneseinga – fjárhagsáætlun 2021.

Ingibjörg Garðarsdóttir, fjárhaldsmaður, tók til máls og fór yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 og svaraði fyrirspurnum um áætlunina.

Áætlun Héraðsnefndar Árneseinga fyrir árið 2021 var samþykkt samhljóða.

Fjárhagsáætlun Héraðsnefndar Árneseinga 2021					
Samþykkt á haustfund 12. nóvember 2020					
	Áætlun 2020	Hlutfall af framlögum	Áætlun 2021	Hlutfall af framlögum	Hlutfallsleg breyting milli ára
Tekjur:					
Framlög sveitarfélaga	167.448.000	100,0%	174.880.000	100,0%	4,4%
Tekið af eigin fé:					
Samtals	167.448.000		174.880.000		4,4%
Gjöld:					
Byggðasafn Árneseinga	51.300.000	30,6%	60.400.000	34,5%	17,7%
Listasafn Árneseinga	40.978.000	24,5%	42.000.000	24,0%	2,5%
Héraðsskjalasafn Árneseinga	32.320.000	19,3%	33.830.000	19,3%	4,7%
Stjórnun, annað og ófyrirséð	10.500.000	6,3%	5.700.000	3,3%	-45,7%
Lánasjóður sveitarfélaga - afborgun v/FSU láns	24.500.000		25.100.000		2,45%
FSU vegna FabLab vegna 2021	6.000.000		6.000.000		0,0%
Fastir styrkir	1.850.000	1,1%	1.850.000	1,1%	0,0%
Samtals	167.448.000	100,0%	174.880.000	100,0%	4,4%
Sundurliðun:					
Fastir styrkir					
HSK	1.250.000	0,7%	1.250.000	0,7%	0,0%
SSK	300.000	0,2%	300.000	0,2%	0,0%
Svæðisstj. björgunarsv. í Árnessýslu	300.000	0,2%	300.000	0,2%	0,0%
Samtals	1.850.000	1,1%	1.850.000	1,1%	0,0%
	2020		2021		Breyting á milli ára
Tónlistarskóli Árneseinga					
Launaliður	287.026.778		293.002.733		2,1%
Samtals	287.026.778		293.002.733		2,1%
Almannavarnir Árnessýslu	6.752.000		6.022.800		-10,8%
Samtals	6.752.000		6.022.800		-10,8%
Brunavarnir Árnessýslu	333.424.000		371.634.000		11,5%
Samtals	333.424.000		371.634.000		11,5%

11. Önnur mál

Erindi frá HSK um áframhaldandi stuðning.

Erindi frá HSK, dags. 10. nóvember þar sem óskað var eftir áframhaldandi fjárframlagi við sambandið. Var þegar gert ráð fyrir stuðningi í fjárhagsáætlun sem áður hefur verið samþykkt.

Erindi frá bæjarráði Árborgar þar sem óskað var eftir afstöðu Héraðsnefndar Árnesinga um mögulegt æfingarsvæði Brunavarnir Árnessýslu.

Lagt fram til kynningar.

Til máls tóku auk formanns Gunnar Egilsson, Helgi S. Haraldsson, Halldóra Hjörleifsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Helgi Kjartansson, Kjartan Björnsson, Sigurjón Vídalín Guðmundsson og Ari Björn Thorarensen.

Stefna varðandi framtíðar fjárfestingar stofnana HÁ.

Eftirfarandi tillaga var samþykkt:

Lagt er til að framkvæmdastjórn Héraðsnefndar Árnesinga verði falið að vinna stefnu varðandi fjárfestingar stofnana Héraðsnefndar næstu árin. Horft verið til fjárfestingarþarfar og forgangsröðunar verkefna. Niðurstöður verði kynntar á vörfundi Héraðsnefndar.

Fundi slitið kl. 13:10.

Eyþór H. Ólafsson	Hveragerðisbær
Árni Eiríksson	Flóahreppur
Kjartan Björnsson	Sveitarfélagið Árborg
Helgi S. Haraldsson	Sveitarfélagið Árborg
Kristín Magnúsdóttir	Sveitarfélagið Ölfus
Helgi Kjartansson	Bláskógabyggð
Óttar Bragi Þráinsson	Bláskógabyggð
Bjarni Þorkelsson	Grímsnes- og Grafningshreppur
Smári Bergmann Kolbeinsson	Grímsnes- og Grafningshreppur
Halldóra Hjörleifsdóttir	Hrunamannahreppur
Jón Bjarnason	Hrunamannahreppur
Aldís Hafsteinsdóttir	Hveragerðisbær
Njörður Sigurðsson	Hveragerðisbær
Björgvin Skafti Bjarnason	Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Ari Björn Thorarensen	Sveitarfélagið Árborg
Arna Ír Gunnarsdóttir	Sveitarfélagið Árborg
Brynhildur Jónsdóttir	Sveitarfélagið Árborg
Eggert Valur Guðmundsson	Sveitarfélagið Árborg
Gunnar Egilsson	Sveitarfélagið Árborg
Sigurjón Vídalín Guðmundsson	Sveitarfélagið Árborg
Tómas Ellert Tómasson	Sveitarfélagið Árborg
Rósa Matthíasdóttir	Flóahreppur
Gestur Þór Kristjánsson	Sveitarfélagið Ölfus
Jón Páll Kristófersson	Sveitarfélagið Ölfus
Ingibjörg Garðarsdóttir	fjárhaldsmaður
Rósa Sif Jónsdóttir	ritari